

# Rannsóknir í krabbameinshjúkrun

Sigríður Zoëga og Nanna Friðriksdóttir

Árlega greinast um 1.500 einstaklingar með krabbamein á Íslandi og um 70 prósent þeirra mega búast við að vera á lífi fimm árum eftir greiningu. Nú eru tæp fjögur prósent þjóðarinnar, eða rúmlega 13 þúsund manns, á lífi sem hafa fengið krabbamein. Gert er ráð fyrir að í kringum árið 2030 muni um 2.000 manns greinast árlega hér á landi, fyrst og fremst vegna hækkandi aldurs og fjölgunar íbúa. Þá mun þeim einnig fjölga sem lifa lengur eftir greiningu krabbameins vegna framfara í forvörnum, greiningu og meðferð. Þessi sístækkandi hópur kallar á öflugt heilbrigðiskerfi með vel menntuðu heilbrigðisstarfsfólki sem er í stakk búið til þess að sinna þörfum samfélagsins. Fólk þarf að hafa greiðan aðgang að öflugum forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu á öllum stigum sjúkdómsins, og langtímaeftirliti. Öflugt rannsóknarstarf leggur grunninn að frekari þróun og bættri meðferð og þjónustu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra.

Þjónusta við krabbameinssjúklinga byggist á aðkomu og samvinnu margra fagstétta, en á heimsvísu eru hjúkrunarfræðingar stærsti hópur heilbrigðisstarfsmanna. Hlutverk krabbameinshjúkrunarfræðinga er að veita árangursríka og örugga hjúkrun sem er byggð á heilðrænni sýn og faglegum vinnubrögðum. Krabbameinshjúkrun miðar að því að uppfylla þarfir og væntingar sjúklings og aðstandenda á öllum þjónustustigum, sinna kennslu, þjálfun og ráðgjöf, og vinna að rannsóknum og notkun á vísindalegri þekkingu í klínísku starfi.

Nútímaheilbrigðisþjónusta grundvallast á bestu fyrirbyggjandi þekkingu hverju sinni. Stöðugt þarf að spyrja hvort þjónustan sé veitt á forsendum sjúklings og aðstandenda hans, sé árangursrík og skapi virði fyrir sjúklinginn og samfélagið í heild. Markmið rannsókna í krabbameinshjúkrun eru að:

- Efla forvarnir gegn krabbameini
- Bæta lífsgæði og líðan krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra
- Bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur
- Stuðla að aukinni þekkingu og faglegri þróun krabbameinshjúkrunarfræðinga
- Hagnýta vísindalega þekkingu til að efla starfshætti krabbameinshjúkrunarfræðinga

## Auka þarf fjárframlög

Viðfangsefni rannsókna íslenskra krabbameinshjúkrunarfræðinga eru fjölbreytt. Á undanförunum árum hafa rannsóknir þeirra meðal annars fjallað um lífsgæði, líðan og þarfir sjúklinga og aðstandenda þeirra. Einnig hafa verið gerðar rannsóknir á einkennum og aukaverkunum sjúkdómsins og meðferð. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið nýttar til að þróa og bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur á mismunandi þjónustustigum.

Til að stuðla að auknum rannsóknum er mikilvægt að þróa enn frekar nám í krabbameinshjúkrun en jafnframt er þörf á auknu fjárframlagi til rannsókna. Efla þarf samstarf ólíkra fagstétta um rannsóknir þar sem áhersla er á að fullnægja þörfum samfélagsins, sjúklinga og aðstandenda á sem víðtækastan hátt. Til að tryggja að þörfum sjúklinga og aðstandenda sé fullnægt er mikilvægt að þeir hafi beina aðkomu að rannsóknarferlinu, allt frá rannsóknarhugmynd að nýtingu niðurstaðna.

- ▶ **ÉG GET** — sem einstaklingur stutt við og tekið þátt í krabbameinsrannsóknum.
- ▶ **VIÐ GETUM** — sem samfélag lagt áherslu á að krabbameinsrannsóknir séu stundaðar og niðurstöður þeirra nýttar til að efla forvarnir og bæta meðferð og þjónustu.



Sigríður Zoëga, sérfræðingur á Landspítala í hjúkrun sjúklinga með verki og lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ.



Nanna Friðriksdóttir, sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með krabbamein, klínískur lektor á lyflækningasviði LSH og adjunkt við hjúkrunarfræðideild HÍ.